

Lykilupplýsingaskjal

Tilgangur

Þetta upplýsingaskjal færir þér lykilupplýsingar um þessa fjárfestingarvöru okkar. Það er ekki markaðsefni. Þessara upplýsinga er krafist lögum samkvæmt til þess að hjálpa þér að skilja eðli, áhættu, kostnað og hugsanlegan ávinning eða tap af vörunni og hjálpa þér að bera hana saman við aðrar vörur.

Vara

VPV Future Pension Classic (iðgjaldaskrá FPC1) VPV

Lebensversicherungs-AG VEREINIGTE POSTVERSICHERUNG VVaG

www.vpv.de/kontakt

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlega hringið í +49 71113 91 60 00

Fjármálaeftirlit sambanslýðveldisins :Þýskalands (BaFin) er ábyrgt fyrir eftirliti með VPV Lebensversicherungs-AG í tengslum við þetta lykilupplýsingaskjal.

VPV Lebensversicherungs-AG hefur starfsleyfi í Þýskalandi og lýtur eftirliti Fjármálaeftirlits sambandslýðveldisins Þýskalands (BaFin).

Útgáfudagur lykilupplýsingaskjals: 01.01.2026

Hvaða tegund vöru er þetta?

Vara

VPV Future Pension Classic er váttryggingatengd fjárfestingarafurð í formi lífeyristryggingar í samræmi við þýsk lög. Íslensku lög nr. 129/1997 um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða gilda einnig um vöruna og ef ósamræmi er, hefur forgang fram yfir samningsákvæði.

Gildistími

Samningstími þessarar vöru samsvarar söfnunartíma lífeyris. Söfnunartími lífeyris getur verið mismunandi. Útreikningar eru gerðir miðað við söfnunartíma lífeyris upp á 40 ár sem dæmi. Við getum ekki sagt upp samningnum einhliða.

Markmið

Fjárfestingar eru alfarið gerðar af tryggingafélaginu. Markmið þeirra er stuðla að sjálfbærri fjármögnun allra réttinda í öllum útgefnum tryggingarsamningum hjá öllum tryggingartökum. Í því skyni að standa við langtíma skuldbindingar, þá er öryggi fjárfestinga mjög mikilvægt auk ávöxtunar þeirra. Fjárfestingareignir eru aðallega innlend og erlend verðbréf með föstum vöxtum, fasteignir, láanagerningar og veðskuldabréf. Þessar fjárfestingar taka einnig tillit til umhverfislegra og félagslegra sjónarmiða.

Réttindi úr VPV Future Pension Classic samanstanda af tryggðum lífeyri ásamt aukalegum réttindum sem felast í ágóðahlutdeild sem getur skilað fjárfestingarárangri umfram tryggða vexti. Ágóðahlutdeild er ekki tryggð en fylgir lögbundnum reglum.

Markhópur fjárfesta

Varan er viðeigandi fyrir viðskiptavinum búsetta á Íslandi, sem óska þess að byggja upp eftirlaunasjóð yfir lengri tíma þar sem vinnuveitandi greiðir hluta þess samkvæmt íslenskum lögum og vilja fá ævilífeyri eða eingreiðslu þegar hann kemst á eftirlaunaaldur og sem leggur áherslu á sjálfbærnisjónarmið í tryggingasparnaði. Viðskiptavinurinn sættir sig við tilteknar sveiflur á líftíma samningsins. Réttindi við upphaf samningsins geta verið minni en sem nemur greiddum iðgjöldum svo það getur verið hætt á tapi. Ekki er þörf á þekkingu á fjármálamörkuðum né váttryggingatengdum fjárfestingarafurðum eða öðrum pakkabundnum fjármálaafurðum til þess að skilja þessa vöru.


Tryggingar og kostnaður

Tryggingagreiðslan samanstendur af ævilöngum tryggðum lífeyri þar sem við er bætt ágóðahlutdeild sem ekki er tryggð. Í stað reglulegra lífeyrisgreiðslna er hægt að fá eingreiðslulífeyri í byrjun lífeyristímabils. Ef að hinn váttryggði deyr þá eru dánarbætur greiddar (sjá gr 1 í tryggingarskilmála fyrir Future Pension Classic). Fjárhæð þessara réttinda er sýnd í kaflanum "Hvaða áhætta er fyrir hendi og hvað fæ ég hugsanlega í staðinn?".

Fyrir útreikninga í þessu lykilupplýsingaskjali göngum við út frá í dæmaskyni að 27 ára gamall einstaklingur taki tryggingu sína 1 janúar 2026 og greiði ársiðgjald upp á EUR 1.000 í 40 ár. Þessi útreikningur gerir fyrir að árlegt áhættuiðgjald fyrir váttryggingarvernd sé EUR 0,00. Þá er árlegt áhættuiðgjald 0.00% af greiddu ársiðgjaldi. EUR 1.000 fara þá til fjárfestinga ár hvert. Áhrif áhættuiðgjalds á ávöxtun fjárfestingartímabilsins sem mælt er með er þá að meðaltali 0.00% árlega. Þar er tekið tillit til áhrifa iðgjaldabáttarins sem samsvarar áætluðu virði lífeyrisgreiðslunnar.

Hvað er áhættan og hvað fæ ég hugsanlega í staðinn?

Áhættuvísir



Áhættuvísirinn hjálpar þér að meta áhættu þessarar vöru við aðrar sambærilegar slíkar. Hann sýnir hversu líklegt er að þú tapir peningum á þessari vöru þegar verðbréfamarkaðir sveiflast í ákveðna átt eða að við séum ófærir um að greiða þér.

Þessi vara er flokkuð með 2 áhættustig á kvarðanum 1 til 7 þar sem áhættustig 2 vísar á lága áhættu. Áhættan á hugsanlegu tapi í framtíðinni er því flokkuð sem lág. Þótt geri óhagstæðar markaðsaðstæður er afar ólíklegt að það hafi áhrif á greiðslugetu okkar. Þú hefur rétt til þess að fá að minnsta kosti 88% af höfuðstól þínum til baka. Fjárhæðir fram yfir það og frekari ávöxtun byggir á þróun verðbréfamarkaða og eru því óvissar. Hinsvegar, þá gildir þessi vernd fyrir óhagstæðum markaðsaðstæðum ekki ef þú:

- Tekur lífeyri fyrr en á samþykktum upphafsdegi lífeyris (snemmtaka) eða
- greiðir ekki iðgjöld réttilega eða
- hefur valið þér annað samningsform heldur en ráð er fyrir gert hér. Í því tilfelli getur fjárhæð tryggðs lífeyris verið önnur.

Afkomusviðsmyndir

Það sem þú færð út úr þessari vöru byggir á þróun verðbréfamarkaða. Þróun verðbréfamarkaða í framtíð er óviss og útilokað er að spá fyrir um hana með nákvæmni. Kynntar afkomusviðsmyndir eru byggðar á fyrri afkomu og tiltekinn áætlana um framtíðina. Verðbréfamarkaðir geta þróast allt öðruvísi í framtíðinni. Lágmarkssviðsmyndir sýna hvað þú gætir fengið til baka í tilfelli ófgakennds fjármálamarkaðar.

Meðmæltur samningstími:		fram til enda söfnunartímabils, í þessu tilfelli 40 ár		
Dæmi um fjárfestingu :		1.000 EUR á ári		
Áhættuiðgjald:		0,00 EUR á ári (innifalið í útreikning)		
		Ef þú innleysir: eftir 1 ár	eftir 20 ár	eftir 40 ár
Sviðsmyndir miðað við að hinn váttryggði lifi til tímamarks				
Lágmark		563 EUR	16.511 EUR	35.104 EUR
Óhagstætt	Greiðslan er aðeins tryggð ef iðgjöld eru réttilega greidd og að samningnum verði ekki breytt fram að tilteknum degi.			
	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	563 EUR	16.511 EUR	35.104 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-43,7 %	-1,9 %	-0,6 %
Svartsýn sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	563 EUR	19.620 EUR	53.170 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-43,7 %	-0,2%	1,3 %
Hófleg sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	563 EUR	21.380 EUR	65.790 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-43,7 %	0,6 %	2,3 %
Hagstæð sviðsmynd	Hvað þú getur fengið til baka eftir frádrátt kostnaðar	563 EUR	23.720 EUR	85.190 EUR
	Meðalávöxtun á ári	-43,7 %	1,6 %	3,4 %
Fjárhæð sem fjárfest er á samningstíma		EUR 1.000	EUR 20.000	EUR 40.000
Sviðsmynd í tilfelli andláts				
Andlát:	Það sem rétthafar gætu fengið eftir frádrátt kostnaðar	0 EUR	21.610 EUR	65.790 EUR
Áhættuiðgjald á samningstíma		0.00 EUR	0.00 EUR	0.00 EUR

Fjárhæðirnar að ofan taka tillit til alls kostnaðar af vörunni sjálfri og kostnaði ráðgjafa þíns eða váttryggingamiðlara. Þær taka ekki tillit til skattgreiðslna þinna, sem geta haft áhrif á lokafjárhæðina sem þú færð.

Hvað gerist ef VPV Lebensversicherungs-AG getur ekki greitt lífeyrisgreiðslur ?

Það er lögbundin ábyrgðarsjóður (Kafli 221, og áfram, í þýskum lögum um váttryggingareftirlit) sem heitir Protektor Lebensversicherungs-AG. VPV Lebensversicherungs-AG er þáttakandi í ábyrgðarsjóðnum. Hann verndar tryggingakröfur frá tryggingartökum, hina váttryggðu, rétthafa og aðra sem réttindi telja til tryggingarsamnings. Fjármálaeftirlitið getur lækkað samningsbundnar tryggðar lífeyrisgreiðslur um hámark 5%.

Hver er kostnaðurinn ?

Kostnaður yfir tíma

Neðangreindar töflur sýna fjárhæðir sem teknar eru frá fjárfestingu þinni til þess að greiða ýmislegan kostnað. Þessar fjárhæðir fara eftir fjárhæð fjárfestingar, hve lengi varan er í gildi og hvaða fjárfestingarárangri hún nær. Fjárhæðirnar sem eru sýndar sýna fjárfestingu í dæmaskyni og mismunandi fjárfestingartíma..

Við höfum gefið okkur eftirfarandi forsendur:

- Fyrsta árið færðu fjárhæðina sem fjárfest var til baka (0% árleg ávöxtun). Fyrir önnur samningstímabil höfum við gengið út frá að varan þróist eins og ráð er fyrir gert í hóflegu sviðsmyndinni hér að ofan
- EUR 1,000 eru fjárfestar á ári

	Ef þú innleysir eftir:		
	1 ár	20 ár	40 ár
Heildarkostnaður	440 EUR	4.918 EUR	11.675 EUR
Árleg hlutfallstala kostnaðar (*)	63,3 %	2,7 % per year	1,4 % per year

(*) Þessar tölur lýsa því hvernig kostnaður lækkar ávöxtun þína yfir samningstímann. Til dæmis, ef þú innleysir eftir í lok meðmæltis samningstíma væri árleg meðalávöxtun þín 3,7 % fyrir kostnað og 2,3 % eftir kostnað.

Við getum deilt kostnaðinum með okkur og þeim aðila sem hafa milligöngu um samningsgerðina til að greiða þá þjónustu sem þér er veitt.

Samsetning kostnaðar

Einskiptiskostnaður við samningsgerð eða innlausn		Árlegur kostnaður ef innleyst er eftir 40 ár
Samningsgerð	2,46 % af heildar fjárfestingu. Þessi kostnaður er innifalinn í fjárfestingu þinni.	0,2 %
Innlausn	Innlausnarkostnaður "Á ekki við" er tiltekin í næsta dálk þar sem hann er ekki felldur á ef þú heldur í vöruna út meðmæltan samningstíma.	Á ekki við
Viðvarandi kostnaður á ári		
Umsýslugjöld og annar stjórnunar- og rekstrarkostnaður	0,52% af verðmæti samningseignar þinnar á ári, 6,38 % af greiddum iðgjöldum, 0,15 % af uppsafnaðri fjárfestingu á ári og EUR 18 á ári. Þetta er áætlun byggð á raunkostnaði síðasta árs.	1,1 %
Færslugjöld	0,06 % af verðmæti samningsinneignar þinna á ári. Þetta er áætlun á þeim kostnaði sem til fellur þegar við kaupum og seljum undirliggjandi fjárfestingar í vörunni. Raunfjárhæð fer eftir því hve mikið við kaupum og seljum.	0,1 %

Mismunandi kostnaður fellur til eftir fjárfestingarfjárhæð. Raunkostnaður getur verið annar en tilgreindur er að ofan þar sem þeir fara eftir, sem dæmi, þinni persónulegu fjárfestingu eða möguleikum sem þú valdir.

Hve lengi á ég að fjárfesta og get ég tekið peninga út snemma?

Meðmæltur samningstími: þar til í enda söfnunartímabils, í þessu tilfelli 40 ár

Þú getur hætt við samningsgerð þína innan 30 daga frá henni (sjá líka upplýsingar í gr. 1 og 2 VVG-InfoV). Þú sérð frekari upplýsingar hvernig skal afturkalla í leiðbeiningum um afturköllum sem þú færð með tryggingarskírteini þínu. Lífeyrstryggingar sem veita lífeyri í formi ævilangs jafns lífeyris eru miðaðar við upphaf lífeyrisgreiðslna í tilfelli fjárfestingartímans. Þessi vara getur verið gerð fyrir mismunandi söfnunartímabil. Útreikningarnir í dæmaskyni voru gerðir miðað við 40 ára söfnunartímabil. Þú getur sagt upp tryggingu þinni hvenær sem er áður en lífeyrisgreiðslur hefjast, í enda hvers tryggingartímabils. Þú munt þá eignast endurkaupsverðið eftir að dregin hefur verið frá þér uppsagnarkostnaður á þeim tíma. Þú getur fundið meiri upplýsingar um þetta í gr. 11 í tryggingarskilmála Future Pension Classic. Uppsögn fyrir samþykktan dag á töku lífeyris skilar sér í lægri tryggingu heldur en að halda samninginn út meðmæltan samningstíma svo að áhætta og áhættuvísir getur orðið hærri.. Að auki getur aukinn kostnaður fallið til. Þeir eru tilteknir í kaflanum "Hver er kostnaðurinn?".

Hvernig get ég kvartað?

Ef þú vilt kvarta yfir vörunni, vátryggingamiðlananum eða vátryggingafélaginu, getur þú hringt í kvörtunarsíma +49 711/13 91 60 00. Þú getur líka lagt inn kvörtun á veffanginu www.vpv.de/is/priips, með pósti (VPV Lebensversicherungs-AG, Mittlerer Pfad 19, 70499 Stuttgart, Germany) eða með tölvupósti (info@vpv.de).

Aðrar viðeigandi upplýsingar

Þú munt finna aðrar viðeigandi upplýsingar í persónulegu tilboði sem við værum glaðir að gera fyrir þig. Fyrir og eftir samningsgerð færð þú mikilvægar upplýsingar í eftirfarandi skjölum sem þú hefur lagalegan rétt til: Tryggingarskírteini, upplýsingar skv. VVG-InfoV, almennar neytandaupplýsingar, tryggingarskilmálar, skattaupplýsingar. Þú getur líka fengið frekari upplýsingar á veffanginu www.vpv.de/is/priips.